




LAGNA FRÉTTIR 40

RÁÐSTEFNA UM VARMADÆLUR



Útgefandi:
LAGNAFÉLAG
ÍSLANDS
The Icelandic Heating,
Ventilating and
Sanitary Association

Ystabæ 11
110 Reykjavík
GSM: 892-4428
Netfang: lafi@simnet.is
Heimasíða: lafi.is

Ráðstefna um
varmadætur

Fundarstaður:
Lagnakerfamiðstöð
Íslands

Ritstjórn og ábyrgð:
Kristján Ottósson

Umbrot og prentun:
Litróf ehf.

Efnisyfirlit

Ráðstefnustjóri:



Kristján Ottósson, vélstjóri/blikksmíðameistari
framkvæmdastjóri
Lagnafélags Íslands

Fundarstjóri:



dr. Valdimar K. Jónsson
verkfræðingur, prófessor

Framsögumenn:

dr. Guðni A. Jóhannesson, formaður Lagnafélags Íslands	3
dr. Oddur B. Björnsson, verkfræðingur, Verkís	4
Pór Gunnarsson, BSc, véltækni-fræðingur, Ferill	12
Gunnlaugur Jóhannesson, pípulagningameistari, Verklagnir	15
Benedikt Guðmundsson, byggingatækni-fræðingur, Orkustofnun	18
Hjálmar Jónsson, MPM BSc. byggingatækni-fræðingur, byggingafulltrúinn í Reykjavík	24
Sveinn Áki Sverrisson, véltækni-fræðingur BSc MPM	26
Myndir frá ráðstefnunni	28

Ávarp við setningu ráðstefnu um varmadætur dr. Guðni A. Jóhannesson, Orkumálastjóri, formaður Lagnafélags Íslands

Lagnafélagið hefur frá upphafi reynt að sinna kynningum og fræðslu á sem flestum sviðum lagnamála og sinna þeim nýjungum sem eru efst á baugi.

Íslendingar hafa verið framarlega í því að leiða heitt vatn frá jarðhitalindum í hús til heitvatnsnotkunar og upphitar og nú ersvo komið að einungis 10 % allra heimila í landinu þurfa að notast við rafmagn til hitunar. Í þessu felst mikill aðstöðumunur vegna þess að rafhitun er nú mun dýrari en jarðhiti. Ríkisvaldið hefur reynt að jafna þennan aðstöðumun með niðurgeiðslum en þær hafa aldrei náð að jafna þennan mun að fullu. Það er markmið okkar að finna varanlegar lausnir á vanda þeirra sem ekki hafa aðgang að jarðhira. Varmadætur eru þeirrar náttúru að geta umbreytt hágildri raforku

í þrefalt til ferefalt orkumagn í lággildri varmaorku. Það kennir okkur að raforka er mun dýrmætari en varmaorka til hitunar og þess vegna soun að nota hana beint til hitunar. Ef við gætum snúið dæminu við og umbreytt varmaorku í fjórum sinnum meiri raforku þá værum við komin með eilífðarvél og búin að brjóta viðurkennd lögmál varmafræðinnar. Varmadætur eru hins vegar fyrir okkur tiltölulega ný tækni sem kallar á fjárfestingar og þekkingu til þess að setja upp og reka slíkan búnað með hagkvæmum hætti. Í dag eigum við þess kost að hlýða á erindi okkar fróðustu manna um þetta efni sem fjalla munu um fræðilegan grunn, tæknimál, hagkvæmni og það reglugerðarumhverfi sem við búum við.

Megið vel njóta



dr. Guðni A. Jóhannesson

www.husa.is



PREMIUM H200 MIÐSTÖÐVAOFNAR FRÁ HENRAD

Nettur panelofn, aðeins 20 cm á hæð, framleiddur úr hágæða stáli. Premium ofnalínan fæst í 3 gerðum og 9 lengdum (frá 1000 – 2600mm). Ofnarir fara í gegnum strangt hreinsiferli fyrir málningu (járn fosfat-, jarðefnahreinsun, umferð af grunnu og loks duftlakkaðir).

Þú færð nánari upplýsingar hjá sölumönnum í verslunum okkar um land allt.



Meira fyrir fagmenn



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Virgni varmadælu

dr. Oddur B. Björnsson verkfræðingur, Verkís



dr. Oddur B. Björnsson
verkfræðingur, Verkís

Varmafræði varmadælu

Til að skilja virkni varmadælu þarf að leita til varmafræðinnar. Í fyrsta lögmáli varmafræðinnar segir að heildarorka sé ávallt varðveitt; því er beitt við að reikna út orkujafnvægi og orkuflæði í kerfum. Annað lögmál varmafræðinnar lýsir því síðan að heildarorka skiptist í aðgengilega orku, **exergy E**, og óaðgengilega orku, **anergy A** (glærur 4 og 5). Aðgengilegri orku, exergy, er hægt að breyta fullkomlega (100%) í hvaða annað orkuform sem er, ef engin töp verða við breytinguna. Óaðgengileg orka, anergy, er sá hluti heildarorkunnar sem ekki er hægt að breyta í annað orkuform og er því ekki til neins gagns. Raforka er fullkomlega aðgengileg orka, en varmi getur hins vegar í besta falli verið að hluta flokkaður sem aðgengileg orka. Ekki er hægt að nýta varma sem er við hita umhverfisins, því varmaflæði verður aðeins við hitalækkun, þ.e. varmi streymir frá heitari hlut í kaldari og skilar þannig orku (t.d. í varmaskipti eða við blöndun). Því heitari sem varmauppsprettan er því meiri aðgengilegri orku, exergy, býr hún yfir.

Varmadælan, sem væri etv. betur lýst sem varmalyftu, er tæki sem breytir hluta af óaðgengilegri orku í aðgengilega orku. Þetta er gert með þeim hætti að vökvi sem sýður við hita langt undir umhverfishita (vinnuvökvi varmadælu) er settur í gegnum varmaskipti sem „óaðgengileg“ orka er jafnframt leidd í gegnum. Vinnuvökvinn dregur þannig til sín „óaðgengilega“ orku úr umhverfinu því fasabreyting úr vökva í gas krefst orku. Þegar þessi orka er einu sinni kominn inn í kerfið má nýta hana. Það er gert þannig að gasið er sett í gegnum þjöppu sem hækkar gas-þrýstinginn en við það hitnar gasið hátt yfir umhverfishita. Gasið skilar síðan orkunni til viðtakanda (t.d. húshitunarkerfis) við nýtanlegan hita vel yfir æskilegum herbergishita.

Orkuferli Carnot - skilgreining COP

Í kringum aldamótin 1800, skilgreindi Frakkinn Sadi Carnot orkuferli sem lýsir því sem að ofan greinir með myndrænum hætti. Jafnframt skýrir það hvernig varmaflæði við fastan hita tengist hugtakinu óreiða eða entrópí, táknað með bókstafnum s , þ.e. breyting á varma er jöfn breytingu á óreiðu margfölduð með föstum hita. Úr


þessu verður einfalt kassaferli, sem samanstendur af fjórum hlutferlum (glærur 8 og 10): fasabreyting vökvi-í-gufu („gas“) við hitann T_0 (varmastreymi inn í ferlið, Q_0), þrýstingshækkun gass með þjöppu (þjöppuvinna W), fasabreyting gas-í-vökva við hitann T_k (varmastreymi út úr ferli, Q_k) og þrýstingslækkun gegnum mótstöðuloka (1).

Hitabreyting í þessu ferli er hækkunin frá T_0 upp í T_k , þ.e. $T_k - T_0$. Carnot ferlið lýsir ekki raunverulegu orkuferli, því þar er allt fullkomið og getur ferlið gengið í hvora áttina sem er (það nefnist viðsnúanlegt, taplaust ferli). Virkni Carnot ferlisins eða nýtingarstuðull er skilgreindur sem hlutfall lokahitans T_k og hitahækkunarinnar $T_k - T_0$, þ.e.

$$\varepsilon(\text{Carnot}) = \frac{T_k}{T_k - T_0}$$

Hér verður að nota Kelvin gráður (K) þegar sett er inn fyrir T_k , þ.e. settur er inni hiti vinnuvökvans í eimsvalanum í °C að viðbættum 273°C.

Blái ferillinn í línuritinu að neðan sýnir nýtnina í kassalaga Carnot orku ferlinu, sem er tekið sem viðmið eða útgangspunktur fyrir nýtingu í raunverulegum ferlum, svo sem í varmadælum.



Í raunverulegum ferlum með varmaskiptum, þjöppu o.s.frv. verða margs konar töp (varmafræðileg töp og bein og óbein varmatöp) sem skekkja kassalaga Carnot ferlið (glæra 12). Skekkjan frá lóðréttri línu sýnir hækkun óreiðu, s , í þjöppunni annars vegar og mótstöðulokanum hins vegar.

Algengur hlutfallsstuðull á milli Carnot nýtni og raunverulegrar nýtni varmadælu er 0,4 til 0,7 og er

hann að jafnaði lægstur í litlum varmadælum (glæra 9).

Aflstuðull varmadælu er því

$$COP = \eta C * \varepsilon(Carnot) = \eta C * \frac{T_k}{T_k - T_0} = \frac{Q}{W} \quad \text{eða}$$

$$COP = 0,4 * \frac{T_k}{T_k - T_0}$$

til

$$COP = 0,7 * \frac{T_k}{T_k - T_0}$$

Rauði ferillinn í linuritinu að ofan sýnir

COP þegar Carnot nýtni varmadælu er 0,5.

Ennfremur er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að í Carnot ferlinu og raunverulegum varmadælukerfum er aflstuðullinn, COP – Coefficient Of Performance, reiknaður fyrir vinnuferlið sjálf, þ.e. breytingar á hita og þrýstingi vinnuvökvans. Uppgufunarhiti vinnuvökvans er ekki sá sami og hiti varmauppsprettunnar sem nýtt er, hvort sem hún er loft, grunnvatn, volgra eða eitthvað annað. Þar á milli er hitamunurinn sem nauðsynlegur er til að varminn flytjist frá varmauppsprettunni til vinnuvökvans. Ennfremur kólnar loftið eða vatnið við að fara í gegnum uppgufarann þannig að fasti hiti vinnuvökvans í uppgufaranum, þegar hann breytist úr vökva í gas (sýður), er jafn hita uppsprettunnar að frádregnu a) hitafalli vatnsins eða loftsins í gegnum uppgufarann og b) minnsta hitamun í úttaki uppgufarans, u.þ.b. 2 til 3°C. Sams konar hitamunur er í eimsvalanum, og sést þetta best þegar svokallaður LMTD-hitamunur (lógaritmískur meðalhitamunur) í varmaskiptum er skoðaður fyrir uppgufara og eimsvala, en þessi tæki eru í eðli sínu hefðbundnir varmaskiptar (glæra 13).

Þegar rekstrarhagkvæmni varmadælu er metin, er gengið út frá árs-aflstuðli sem er heildarvarmaorka sem varmadælan skilar á móti heildarraforkunotkun hennar á einu ári, þ.e.

Frávik raunverulegs varmadæluferlis frá

$$COP_{\text{ár}} = \frac{\text{Varmaorka frá varmadælu}}{\text{Raforka til varmadælu}}$$

Carnot ferli

COP-stuðull raunverulegs varmadæluferlis viku talsvert langt frá hinu fullkomna Carnot ferli. Margar ástæður eru fyrir þessu, varmafræðilegar (prócess) og mekanískar (núningur, varmatap, þrýstingur), sjá glæru 11.

Varmafræðileg töp stafa m.a. af því að gas kemur yfirhitað frá þjöppunni, þ.e. nokkru heitara en þéttihitinn í eimsvalanum og sá varmi nýtist ekki nema settur sé upp svokallaður yfirhitakælir (sjá síðar).

Töp í mótstöðuloka leiða til þess að uppgufunarvarmi verður minni en í sambærilegu Carnot ferli, þ.e. minni varmi flyst frá varmauppsprettunni (anergy) í vinnuvökvann.

Töp í þjöppu stafa af rúmmáls- og ísentrópískum töpum, þ.e. núningstöpum og varmatapi.

Lægri nýting í varmaskiptum stafar einkum af því hve hiti

vinnuvökva, sem er fastur (konstant) við uppgufun eða þéttingu, passar illa við breytilegan hita varmauppsprettu og varmaþega (hitakerfis).

Þrýstifall í tækjum og pípum veldur lækun á uppgufunarhita og hækkun á mettnarhita. Þetta leiðir til meiri þjöppuvinnu og þar með lægra COP. Talið er að þrýstifall sem svarar til 1 til 2°C hitalækkunar skili bestu lausn með tilliti til nýtni og kostnaðar, en hlutfallið $\Delta T/\Delta p$ er háð eiginleikum vinnuvökvans (2).

Áhrif uppgufunarhita og þéttihita

Uppgufunarhiti hefur áhrif á afköst uppgufara og eimsvala og COP (glæra 17). Afköst eimsvala lækka um 3-4% og COP lækkar um 2-3% við 1°C lækun uppgufunarhita (2).

Eimsvalahiti hefur áhrif á þjöppu, afköst eimsvala og COP (glæra 18). Afköst eimsvala lækka um 0,5% og COP lækkar um 2-3% við 1°C hækkun eimsvalahita (2).

Algengir vinnumiðlar varmadælna eru t.d. 407C, suðumark mínus 45°C, og 134A, suðumark mínus 25°C. Vinnumiðill er valinn með hliðsjón af hita varmauppsprettu (suða/eiming í uppgufara varmadælu) og hita varmaþega, eða hitakerfis sem tekur við varmanum frá varmadælu (þétting í eimsvala varmadælu). Vinnumiðlar skulu vera umhverfisvænir.

Endurbætur á grunnferli varmadælu

Ýmsa leiðir eru til að hækka COP-stuðul varmadælu (2).

Undirkælir - Undirkælir nýtir hita úr þéttivatni frá eimsvala (glæra 20). Með því að kæla þéttivatn minnka þenslutöp í mótstöðulokanum og varmaframleiðsla varmadælu eykst. Þannig er hægt að mæta upphitunarþörf við lægri hita en þéttihiti býður uppá (eða nota sem forhitara). Nýtanlegur varmi eykst um ~1% við 1°C hitalækun í undirkæli.

Yfirhitakælir - Yfirhitakælir nýtir hita úr yfirhitaðri gufu (gasi) frá úttaki þjöppu (glæra 23). Með þessum hætti er hægt að svara upphitunarþörf við hærri hita en þéttihiti býður uppá. Þetta svarar til 15 til 20% af nýtanlegum varma frá varmadælu. Getur nýst til upphitunar á neyslumatni, sjá að neðan.

Soggasvarmaskiptir - Soggasvarmaskiptir flytur varma frá heitu þéttivatni yfir í kalda lágþrýstigufu (gas) við inntak þjöppu (glæra 26).

Soggasvarmaskiptir, eimsvali, yfirhitakælir - Samspil þriggja þátta frá yfirhitaðri gufu (gasi) í undirkældan vökva við háan þrýsting við úttak eimsvala og þaðan í forhitun lágþrýstigass við úttak uppgufara (glæra 27).

Undirkælir, eimsvali, yfirhitakælir - Þetta hentar vel fyrir upphitun neyslumatns sem er heitara en t.d. gólfhitakerfi eru hönnuð fyrir. Ennfremur fylgir hitaferill vinnuvökvans betur þörfum hitakerfis (glæra 28).

Sjö hollráð varðandi hönnun varmadælukerfa

Að lokum eru hér tekin saman nokkur atriði sem gott er að hafa í huga við hönnun upphitunarkerfis þar sem varmadæla kemur við sögu (1).

1. Nýta aðgengilega varmauppsprettu með sem hæstan ársmeðalhita
2. Hanna varmadælukerfið í samræmi við aðstæður hverju sinni
3. Velja afköst varmadælu með sem lengstan nýtingartíma hámarksafis í huga
4. Nýta varmadæluna sem grunnafli
5. Viðhafa reglun varmadælukerfisins í takt við breytilega varmaþörf notanda
6. Nota lághitakerfi til upphitunar, s.s. gólfhitunarkerfi, lofthitakerfi, stóra ofna
7. Ekki hafa uppblöndun í hitakerfi húss

Heimildir

1. „Varmadælu og hlutverk þeirra á Íslandi“. Oddur B. Björnsson. JHFÍ, Rit.7/2003
2. „Thermodynamics for the Heat Pump Cycle“, Jörn Stene, NTNU – SINTEF (2008)

VERKÍS Varmadælu

Varmafræði og virkni varmadælna

Erindi flutt á fundi LAFÍ
22. mars 2012

Oddur B. Björnsson

Verkís hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmi og lögmál varmafræðinnar



Kelvin útvirdur ritaði grein árið 1852
„Um hágvæðni þess að hita og kæla þús með loftþéttu“
og markaði þar með upphaf varmadælufræðinnar

Verkís hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS 1. og 2. lögmál varmafræði

- 1. lögmálið
– Orka í lokuð ferli er varðveitt (**konstant**)
- 2. lögmálið
– Orka hefur mismunandi birtingarform, þ.e. sem aðgengileg orka (**exergy, E**) og óaðgengileg orka (**anergy, A**)

Verkís hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS 2. lögmálið – orka í mismunandi formi

- Aðgengileg orka (**exergy**) - **E**
– Sá hluti orku sem hægt er að breyta að fullu (100%) í hvaða annað orkuform sem er í viðsnúanlegu (taplausu) ferli
- Óaðgengileg orka (**anergy**) - **A**
– Sá hluti orku sem ekki er hægt að breyta í annað orkuform og er því ekki til neins gagns
- Heildarorka = **E + A = konstant**

Verkís hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS 2. lögmál varmafræði

Aðgengileg og óaðgengileg orka

- Heildarvarmaorkan er sýnd sem flöturinn 1-2-3-4.
- Þessi flötur skiptist í tvo undirflæti, þ.e. þann sem táknar aðgengilega orku og hinn sem táknar óaðgengilega orku. Mörkin eru við hita umhverfisins, T_c .
- Nýting varmans, þ.e. varmaflutningur frá einu kerfi til annars við fastan hita takmarkast við þann hluta flatarins sem er við hita yfir T_c .

VERKÍS hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS 2. lögmál varmafræði

- **Raforka** er dæmi um 100% aðgengilega orku (exergy) $\rightarrow P = E$ (100%)
- **Varmi** getur í besta falli verið að hluta flokkaður sem aðgengileg orka $\rightarrow Q = E + A$
 - Því heitari sem varmalind er, því meiri aðgengilega orku felur hún í sér \rightarrow **E hækkar með hita**
 - Varmalind við umhverfishita felur ekki í sér neina aðgengileg orku $\rightarrow E = 0$

VERKÍS hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadælu

Vinnuferli varmadælu

VERKÍS hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadælu

$\epsilon_c = COP = \frac{Q_h}{W} = \frac{T_h}{T_h - T_c}$

Ársafstuðull: $COP_{ar} = \left[\frac{\text{Varmi}}{\text{Raforka}} \right]_{ar}$

VERKÍS hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadælu

Afstuðull varmadælu ϵ (COP)

$\epsilon_c = \frac{Q_h}{W} = \frac{T_h \cdot dS}{(T_h - T_c) \cdot dS} = \frac{T_h}{T_h - T_c}$

$\epsilon = \eta_c \cdot \frac{T_h + 273 + \theta_{ev}}{T_h - T_c + \theta_{cs} + \theta_e}$

VERKÍS hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadælu


Viðsnúnlegt Carnot ferli - T-s

VERKÍS hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

Töþ í varmadælu – frávik frá Carnot


- Varmfræðileg töþ – gas kemur yfirhitað frá þjöppunni (heitara en þéttihitinn) sem ekki nýttist
- Töþ í móttöðuloka – minni upptaka varma úr varmauppsprettu
- Töþ í þjöppu – rúmmálstöþ, núningur og varmatap
- Léleg nýtni í varmaskipti – breytilegur hiti "passar" illa við fastan hita í vinnuvökva
- Þrýstifall í lögnum – hækkun á uppgufunarhita og lækkun á mettnarhita -> meiri þjöppuvinna
- dP sem svarar til 1 til 2°C hitalækkunar ásettannlegt

Raunverulegur afferrill varmadælu - T - s



LMTD

Lógaritmiskur meðalhitamunur í varmaskiptum



$$LMTD = \frac{(t_{h1} - t_{k2}) - (t_{h2} - t_{k1})}{\ln \left(\frac{t_{h1} - t_{k2}}{t_{h2} - t_{k1}} \right)} = \frac{(\Delta t_a - \Delta t_b)}{\ln \left(\frac{\Delta t_a}{\Delta t_b} \right)}$$

h = heiti vöðvinn
k = kæli vöðvinn
i = innströym
ú = útströym


Afstuðull varmadælu (COP) - dæmi

$$c = \eta_c \cdot \frac{t_k + 273 + \theta_{ev}}{t_h - t_k + \theta_{ev} + \theta_c}$$


t_k, hiti varmalindar, 10°C
t_h, óskhiti til hitakerfis, 45°C

θ_{ev}, θ_{ev}, hitamunur í varmaskiptum (eimi og eimsvalla), 13°C, og 3°C
η_c, Carnot nýtnin, háð stærð varmadælu

$$c = 0,6 \cdot \frac{45 + 273 + 3}{45 - 10 + 3 + 13} = 3,8$$



Afferill varmadælu - log p-h



Hvað gerist í uppgufaranum?



A. Vinnuvökvi varmadælu tekur upp „óaðgengilegan“ varma og sýður (breytist úr vöðvafasa í guðvafasa) við lágan þrýsting

$$q_u = (h_1 - h_4) \quad \text{kJ/kg}$$



$$Q_u = \dot{m}_R (h_1 - h_4) \quad \text{kW}$$

B. Varmalindin skilar varma til vinnuvökva

$$Q_u = \dot{m}_V c_p (t_{h-inn} - t_{h-út}) \quad \text{kW}$$



- VERKÍS** Varmadætur
- ### Nokkur ráð til að auka afköst grunn-varmadælukerfisins
- UNDIRKÆLIR** – kæli (þétti)vökva frá eimsvala
 - Minnkar þenslutöpin, eykur varmaafköstin Q_c
 - Mætir upphitunarþörf við lægri hita en þéttihitann
 - YFIRHITAKÆLIR** – kæli yfirhitaða gufu frá þjöppu niður í þéttimörk
 - Minnkar yfirhitatöp
 - Mætir upphitunarþörf við hærri hita en þéttihitann
 - SOGGASVARMASKIPTIR** – flytur varma til innan varmadælukerfisins
 - Hækkar hita frá uppgufara (að þjöppu), eykur varmaafköstin Q_c
 - Oftast notaður með yfirhitakæli
 - TVEGGJA ÞREPA varmadælukerfi** – þjöppur/eimsvalar
 - Minnkar þjöppuvinnu og þenslutöp
 - Einkum notað í stórum varmadælum með kröfu um mikla hitahækkun
- Heild: S/N 17 (2)
- Verkís hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is



- VERKÍS** Varmadætur
- ### Nokkur ráð til að auka afköst grunn-varmadælukerfisins
- UNDIRKÆLIR** – kæli (þétti)vökva frá eimsvala
 - Minnkar þenslutöpin, eykur varmaafköstin Q_c
 - Mætir upphitunarþörf við lægri hita en þéttihitann
 - YFIRHITAKÆLIR** – kæli yfirhitaða gufu frá þjöppu niður í þéttimörk
 - Minnkar yfirhitatöp
 - Mætir upphitunarþörf við hærri hita en þéttihitann
 - SOGGASVARMASKIPTIR** – flytur varma til innan varmadælukerfisins
 - Hækkar hita frá uppgufara (að þjöppu), eykur varmaafköstin Q_c
 - Oftast notaður með yfirhitakæli
 - TVEGGJA ÞREPA varmadælukerfi** – þjöppur/eimsvalar
 - Minnkar þjöppuvinnu og þenslutöp
 - Einkum notað í stórum varmadælum með kröfu um mikla hitahækkun
- Heild: S/N 17 (2)
- Verkís hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadætur

2. Yfirhitakælir

Kæling yfirhitaðrar gufu (vinnuvökva) frá úttaki þjöppu
Svarar til 15-20% af nýtanlegum varma frá varmadæluinni

VERKÍS | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadætur

Yfirhitakælir

Kæling yfirhitaðrar gufu (vinnuvökva) frá úttaki þjöppu

VERKÍS | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadætur

Nokkur ráð til að auka afköst grunn-varmadælukerfisins

- UNDIRKÆLIR** – kæli (þétti)vökva frá eimsvala
 - Minnkar þenslutöpin, eykur varmaafköstin Q_c
 - Mættir upphitunarþörf við lægri hita en þéttihitann
- YFIRHITAKÆLIR** – kæli yfirhitaða gufu frá þjöppu niður í þéttimörk
 - Minnkar yfirhitatöp
 - Mættir upphitunarþörf við hærri hita en þéttihitann
- SOGGASVARMASKIPTIR** – flytur varma til innan varmadælukerfisins
 - Hækkar hita frá uppgufara (að þjöppu), eykur varmaafköstin Q_c
 - Oftast notaður með yfirhitakæli
- TVEGGJA ÞREPA** varmadælukerfi – þjöppur/eimsvalar
 - Minnkar þjöppuvinnu og þenslutöp
 - Einkum notað í stórum varmadælum með kröfu um mikla hitahækkun

VERKÍS | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadætur

3. Soggasvarmaskiptir

Flytur varma frá heitu þéttivatni yfir í kalda, lágþrýsta, gufu eftir uppgufara

VERKÍS | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadætur

Soggasvarmaskiptir + eimsvali + yfirhitakælir

Samspöl þriggja þátta frá yfirhitadri gufu í undirkældan vökva við háan þrýsting og þaðan í forhitun lágþrýstrar gufu eftir uppgufara

VERKÍS | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadætur – hitun neysluvatns

Undirkælir + Eimsvali + Yfirhitakælir

Upphitun neysluvatns – Breytilegur hiti í eimsvala-/kælirásum

VERKÍS | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Ísland | +354 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

VERKÍS Varmadætur

Varmadæla – orkusparnaður Samantburður við önnur hitakerfi

$$COP = \frac{\dot{Q}_c}{W}$$

$$\dot{Q}_e = \dot{Q}_c - \frac{\dot{Q}_c}{COP}$$

$$\Delta E = \left(\frac{1}{\eta_{all}} - \frac{1}{COP} \right) \cdot 100\%$$

Orkusparnaður varmadælu ΔE er jafn orkunni (anergy) úr varmauppsprettunni, Q_e
Málmið: SINTEF (2)

Verkís hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | +354 422 8000 | www.verkis.is | verki@verkis.is

VERKÍS Varmadætur

CoolPack forrit til að reikna út afköst kælivéla og varmadæla

- mismunandi kælimiðlar
- mismunandi ferli
- bestun möguleg

Verkís hf. | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | +354 422 8000 | www.verkis.is | verki@verkis.is

Varmauppsprettur fyrir varmadætur á Íslandi

Varmalind	Hitastigi við hönnunarhita (-15°C)	Hitabreyting yfir árið
Sjór	5-6°C	0-5°C
Vestmannaeyjar	0-1°C	0-10°C
Efey, Grímsey, Mjólfjörður	0-4°C	5-8°C
Vötn og dragar	3-5°C	
Grassvatn	-15°C	0-35°C
Útloft	10-30°C	
Jarðvarmi (volgur)	>10°C	
Ísnaðarvatn (fræmest, afgangsvatn)	8-10°C	
Skólsvatn		

11

Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

- » NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
- » BÍLGREINASVIÐ
- » NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR
- » BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
- » TÖLVUNÁMSKEIÐ
- » MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
- » TÖLVUSTUDD HÖNNUN
- » MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
- » HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
- » PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS

IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is

Hönnun og val á varmadælu

Pór Gunnarsson BSc. véltæknifræðingur,
Ferill



Pór Gunnarsson

Hvað er lagt til grundvallar við val á varmadælu?

- Stærð húsnæðis og gerð þess.
- Lofthæð, gluggar o.fl.
- Byggingarár og efnisgerð.
- Hversu vel er húsið einangrað (eldra hús).
- Hvaða hitakerfi er, gólfhiti/ofnar eða annað.
- Ársnotkun á rafmagni, 85% af notkun er til hitunar, annað er ljós, eldavel o.fl. (Rarik.is)
- 1 eða 3 fasa rafmagn.
- Hitafar á svæðinu.
- Hvaða varmagjafi er til staðar.

Varmabörf/varmatap

Við útreikninga á varmabörf bygginga er stuðst við byggingarreglugerð o.fl. sem segir að hanna skuli hitakerfi eftir:

- +15°C útihita
- +20°C innihita

Loftskipti þ.e.a.s. að loftskipt sé í allri byggingunni um opnanir eða með loftræsingu.

Kólnunartölur byggingarluta sem ákvarða kólnun/hitatap viðkomandi byggingarluta.

Út frá þessum gildum fæst varmbörf hússins eða það afl sem þarf til hitunar hússins.

Val

Þegar verið er að velja varmadælu til þess að koma í stað annars hitunarbúnaðar eins og t.d. rafhitara þá er vert að skoða þetta með tilliti til stofnkostnaðar og ekki síður rekstrarkostnaðar.

Sé horft á meðalhita hér á landi þá er t.d. meðalhiti samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands:



- Reykjavík +5,9°C og meðallágmarkshiti um +3,5°C.
- Akureyri +4,3°C og meðallágmarkshiti +1,6°C.
- Vopnafjörður +3,5°C og meðallágmarkshiti +0,4°C.
- Egilsstaðir +3,9°C og meðallágmarkshiti +0,8°C.
- Bolungarvík +3,8°C og meðallágmarkshiti +1,3°C.

Væri þetta krufið enn frekar og skoðaður fjöldi daga sem eru undir frostmarki fyrir t.d. Reykjavík þá voru það 17,3 dagar þar sem var +5°C (2006), það voru 1,1 dagar þar sem var +10°C og tæp klukkustund þar sem var +15°C.

Væri verið að velja búnað fyrir þetta svæði ætti að skoða þetta og velja búnað við t.d. +5°C sem gefur minni búnað og þar af leiðandi minni stofn- og rekstrarkostnað.

Þá er nauðsynlegt að til staðar sé hitabúnaður sem kemur inn þegar varmadæla annar ekki upphitunarþörfinni.

Þetta gæti verið frá 3-5 vikum eftir staðsetningu á ári þar sem þessa er þörf og þá til að bæta við upphitunina.



Nýtni varmadælna eða COP (Coefficient of performance)

Mjög misjafnt er hvernig framleiðendur mæla COP og þar af leiðandi hægt að fá mjög mismunandi gildi úr útreikningum.

Skoða ætti hvaða staðal er miðað við þegar rætt er um COP.

EN14511 miðar við A35/W7 sem þýðir framrásarhiti upp á 35°C við 7°C útihita.

Varmadæla sem væri gefin upp með COP = 3 við þessar aðstæður myndi skila 3 kW til hitunar fyrir hvert 1 kW af rafmagni sem hún notar.

Dæmi um COP

	Bosch EHP 1000	CTC EHP 1000	Euronorm EHP 1000	Nibe EHP 1000	Carrier Aqua Direct Plus	Toshiba EHP 1000	IVT EHP 1000	Thermia EHP 1000	Dalín EHP 1000	Viesmann EHP 1000
35 °C to radiators										
Out door temp: +7	3,5	3,8	4,2	3,5	3,6	4,1	3,9	4,7	4,6	4,2
Out door temp: +2	2,9	3,2	3,6	3,2	2,9	3,3	2,3	3,9	3,5	3,6
Out door temp: -20										
45 °C to radiators										
Out door temp: +7	2,9	3,2	3,3	3,0	2,9	3,3	3,2	3,8	3,5	3,3
Out door temp: +2	2,4	2,7	3,0	2,8	2,4	2,7	2,9	3,1	2,7	3,1
Out door temp: -7	2,2	2,3	2,4	2,3	2,2	2,3	2,5	2,7	2,3	2,4
Out door temp: -15	1,8	1,9	2,0	1,9	1,5	-	2,1	2,2	1,9	2,0
55 °C to radiators										
Out door temp: +7	2,5	did not reach 55°C	2,8	did not reach 55 °C	2,7	did not reach 55 °C	2,8	3,1	did not reach 55°C	2,9
Out door temp: -7	1,8		2,0		1,8		2,0	2,2		2,0

Upplýsingar koma frá sænsku orkustofnuninni sem framkvæmdi prófanir á 10 mismunandi varmadælum sem eru viðurkenndar af EHPA www.ehpa.org

Eitt heppilegasta hitakerfið er gólfhitakerfi en hægt er að nota þetta með flestum kerfum, stórum ofnum, hitablásurum og jafnvel fyrir heitan pott og til hitunar á neysluvatni.

Hvaðan kemur varminn?

Varmagjafi þarf að vera.

Í nægjanlegu magni og aðgengilegur.

Með sem hæstan ársmeðalhita.

Með góða varmarýmd og varmaflutningsmöguleika.

Ekki tærandi eða mengandi.

Það sé tiltölulega einfalt og ódýrt að virkja hann.

Flutningsleið frá varmagjafa að varmadælu sé sem allra ódýrastur.

Hvaðan kemur varminn?

Útiloft, loft í loft/vatn varmadæla.

Mjög aðgengilegt og hægt að nota líka til kælingar. Helsti ókostur er að útiloft er kaldast þegar varmaþörfin er mest og hitamunur á milli varmagjafa og varmaþega eykst.

Athuga þarf staðsetningu tækis vegna veðurs, afisingar tækis, hávaða frá tækni o.fl.


Hvaðan kemur varminn?

Úr jörðinni, vatn í vatn varmadæla.

Jarðvegshiti er fenginn með því að plægja slöngur niður á 0,8 – 1,5 m dýpi með ákveðnu milliibili. Mýrar og önnur votsvæði henta vel sem varmagjafi en þurr jarðvegur t.d. mól og sandur henta síður sem varmagjafi.

Jarðvarmi úr veljum eða laugum sem getur verið 5-30°C en flestar varmadælar taka ekki við meiri hita en 20°C, þó háð kælimiðli.

Hvaðan kemur varminn?



Úr grunnvatni, læk, stöðuvatni, uppsprettu, sjónum, vatn í vatn varmadæla.

Hér á landi er grunnvatnshiti 3-5°C, háð staðsetningu á landinu og dýpi. Sjór er góð varmalind einkum á suður- og vesturlandi þar sem hann er í kringum 3-5° að vetri en 11-12°C yfir sumarið. Á vestur-, norður- og austurlandi er hann 0-1°C en hæstur 10-11°C.

Vötn og dragár eru á bilinu 0-4°C.

Ath. lónaðarvatn, skólþ....haughús DK.....

Hvaðan kemur varminn?





Úr borholum (bergvarmi), vatn í vatn varmadæla.

Fenginn er varmi með því að bora djúpar holur (ca. 50 m eða dýpri) og fá þannig stöðugan varmagjafa. Mjög algengt víða í Evrópu og þá sem fyrsta verk áður en hús er reist og eru holurnar þá undir húsinu.

Hver er hagkvæmasti varmagjafinn?


- Til eru ótal mismunandi varmadælar og margar leiðir til að sækja orkuna sem á að nýta.
- Einfaldasta leiðin er loft í loft en ekki endilega sú hagkvæmasta. Hagkvæmasta leiðin er alltaf sú sem hentar viðkomandi byggingu m.t.t. þeirrar orkuuppsprettu sem er í boði.
- Hafa skal í huga að velja rétta varmadælu hverju sinni til þess að ná sem mestum orkusparnaði saman með sem lægstum stofnkostnaði.
- Stöðugur varmagjafi er bestur.
- Skoða líftíma varmadælu.

Heimildir

- Varmadælar og hlutverk þeirra á Íslandi. Oddur B. Björnsson 23. apríl 2003.
- Varmadælar til húshitunar. Árni Pétur Gunnsteinsson, Benedikt Skúlason og Heimir Hjartarson 16. mars 2006.
- Um hitun húsa með varmadælum og lághitaofnum. Friðfinnur K. Danielsson.
- Orkusetur, <http://www.orkusetur.is/>
- <http://www.thermia.se/>
- <http://energimyndigheten.se/sv/>  Energimyndigheten
- <http://www.ehpa.org/> 


Jarðvegshiti á fjórum dýptum: 10 cm (grænn), 20 cm (blár), 50 cm (fjólublár) og 100 cm (rauður).

Reykjavík búveðurstöð



Heimild Veðurstofa Íslands <http://brunnur.vedur.is/athuganir/sjalfvirkar/jardvegshiti>

Sjávarhiti



Heimild Hafrannsóknarstofnun <http://www.hafro.is>

Tenging varmadælu við húskerfi

Gunnlaugur Jóhannesson pípulagningameistari Verklagnir

- Hverjir koma að tengingu varmadælu við húskerfi
- Hvernig tengist varmadæla við mismunandi hitunarkerfi
- Viðhald og ending varmadælu

Hverjir koma að tengingu varmadælu við húskerfi.

Hönnuðir / Verkfræðingar hanna hitakerfi með varmadælu í huga.

Pípari annast alla tengivinnu við lagnakerfi

Rafvirki annast alla tengivinnu á rafmagni og búnaði

Hvernig tengist varmadæla við mismunandi hitunarkerfi í húsum.

Hægt er að tengja varmadælu við flest öll hitakerfi hvort sem það eru ofnar eða gólfhiti skiptir ekki máli, þó er gólfhiti lághitakerfi og henntar þar af leiðandi mjög vel með varmadælu, en með gólfhita má ná hámarks orkusparnaði.


Hitablásara eða loftræsikerfi er einnig hægt að keyra með varmadælu og kemur það vel út því með varmadælu viljum við fá bakrásina eins heita til baka og mögulegt er til þess að eyða minni orku í að hita vatnið upp aftur, svo að fyrir stór húsnæði er þetta mjög góður kostur með varmadælu.

Heitir pottar og sundlaugar er einnig auðvelt að hita með varmadælu margar betri varmadælu bjóða uppá sem aukabúnað tengimöguleika fyrir heita potta eða sundlaugar, hafa skal í huga að þetta þurfa að vera sér kerfi aðskilin frá hitakerfi og er þetta yfirleitt gert með notkunn á þrívælglokka og varmaskiptir.


Björgunarsveitarhúsið Lífsbjörg Rífi er ca. 800m² þar af salur 500m² með mikilli lofthæð, þar var sett upp Thermia Robust 35kW vatn í vatn varmadæla til að hita upp húsið sem er með gólfhitakerfi. *Sjá mynd 1*

Varmgjafi fyrir björgunarsveitarhúsið var sóttur í sjóinn en lagðar voru rúmlega 1300m af 40mm PEH rörum sem fyllt voru af frostlegi sem hringrásar niður í sjó. Framkvæmdaraðili var VK Lagnir í Ólafsvík. *Sjá mynd 2*

Í þykkvabæ var þetta hús sem er 140m² ásamt 50m² vélaskemmu hitað upp með olíu, mjög




hentugt tún var á bakvið húsið og var því farið í að leggja lagnir í jörðu, lagðar voru 400m af PEH röri á eins metra dýpi og með minnst 2m milli röra, orkusparnaður er verulegur en valin var Thermia Diplomat Optimum G2 8kW varmadæla og hitar hún upp ofnakerfi og neysluvatn. *Sjá mynd 3*



Til eru margar leiðir til þess að sækja varmagjafa fyrir vatn í vatn varmadælu, í þessu tilfalli var lækur til staðar fyrir neðan húsið og voru lagðar ca 350m af PEH rörum út í lækinn, blýtóg var benslað við rörin til þess að sökkva þeim. Húsnæði sem þarna er hitað upp með varmadælu er ca. 200m² með gólfhita, einnig er neysluvatn hitað með varmadælu. Valin var Thermia Diplomat Optimum G2 í þetta húsnæði. *Sjá mynd 4*

Hér má sjá lagnir liggja á botni í læk ca. 1m fyrir neðan yfirborð. *Sjá mynd 5*




Stærð húsnæðis er ca 320m² með ofnakerfi nálágt sjó, varmagjafi er útiloft og var valin Thermia Atec 13kW loft í vatn varmadæla sem hitar upp ofnakerfi og neysluvatn. *Sjá mynd 6*

Varmadæla var tengd við ofnakerfi með varmaskiptir rétt fyrir innan vegg. *Sjá mynd 7*




Gunnlaugur Jóhannesson

Innihluti sem inniheldur neysluvatnskút, aukahitara og hringrásadælu. *Sjá mynd 8*



Á Mývatni var búið að vera nota varmadælu frá dótturfyrirtæki Thermia síðan 1973, árið 2011 var henni skipt út fyrir nýja Thermia Diplomat 10kW varmadælu sem sækir orkuna í sjálfrennandi vatn sem er 15°C heitt á mynd til vinstri má sjá nýu varmadæluna uppkomna en á þeirri hægrri má sjá uppsetningu á varmaskiptir fyrir varmadæluna og fyrir innan sést í þá eldri. *Sjá mynd 9*



Hérna má sjá hvernig möguleikarnir eru endalausir en með Thermia Robust varmadælum má tengja allt að 7 sama og ná þannig um 300kW þá er ein af þessum 7 sem er svo kallaður meistari (master) og hinar eru þrælur (slave) sú sem stjórnar sér til þess að álaginu sé deilt jafnt niður á milli þeirra eftir orkuþörf fyrir stærri kerfi er þetta mjög hagkvæmdur kostur uppá rekstraröryggi því alltaf má taka eina út ef þörf er á að sinna viðhaldi, einnig er möguleiki að keyra mörg svona kerfi saman og ná út úr því enn meiri orku. *Sjá mynd 10*

Hvað ef er að ræða ólíka hitakerfi í sama húsi.

Betri varmadælur geta stjórnað fleirri en einu hitakerfi og er það yfirleitt gert með hjálp þrívegaloka sem stjórnar því hvaða hitakerfi er verið að nota hverju sinni, varmadælan veit þá hvort hitakerfi er í gangi og lagar hitastig frá sér eftir því.

Þannig má blanda saman ofnum og gólfhita, ekki er ráðlegt að keyra gólfhita á uppblöndun með varmadælu, þar sem að um er að ræða lághitakerfi og alltaf best að keyra þær beint inn á gólfhita og stjórna hitastigi með varmadælu til að fá út hámarks orkusparnað.

Dæmi um tengingu við 2 hitakerfi með varmadælu og þrívegaloka. *Sjá mynd 11*

Viðhald og ending varmadælu

Betri varmadælur eru svo til viðhaldsfrjár, hafa skal samt í huga

að reglubundið eftirlit eykur líftíma.

Flestir betri framleiðendur í Evrópu gefa upp 18-20 ár eða lengur sem líftíma á varmadælu, til eru þó dæmi um mun lengri líftíma.

Til eru einnig varmadælur með líftíma uppá 3-10 ár og kostnaður við þær yfirleitt mun lægri en þegar til langtíma er litið er það óhagstæðara, ætla má að varmadæla sé búin að borga sig lámarki 2-3 sinnum áður en líftími hennar er búinn til að ná sem mestum sparnaði.

Til að auka líftíma á varmadælu ættu allir sölu og þjónustuaðilar að bjóða uppá þjónustusamning sem inniheldur reglubundið eftirlit með varmadælu.

Vinnumiðill í varmadælum dugur í flestum tilfellum líftíma þeirra.

Björgunarsveitin Lífsbjörg Rífi.
70% sparnaður

Mynd 1

VERKLAGNIR.IS Thermia

Sjór nýttur sem varmagjafi Rífi.

Mynd 2

VERKLAGNIR.IS Thermia

Vatn í vatn Þykkvabæ 80% sparnaður

Mynd 3

VERKLAGNIR.IS Thermia

Lækur nýttur sem varmagjafi. 70% sparnaður

Mynd 4



VERKLAGNIR.IS



Neysluvatn og ofnakerfi tengd við innibúnað.

Mynd 8



VERKLAGNIR.IS



Mynd 5
Lagnir liggja
í botni á læk.



VERKLAGNIR.IS



Vatn í vatn varmadæla sem nýtir 15°
sjálfrennandi vatn 68% sparnaður.

Mynd 9



VERKLAGNIR.IS



Loft í vatn við Hólmavík 65% sparnaður

Mynd 6



VERKLAGNIR.IS



Möguleikarnir eru endalausir.

Mynd 10



VERKLAGNIR.IS



Dæmi um tengingu með forhitara inn á ofnakerfi loft í vatn við Hólmavík.

Mynd 7




VERKLAGNIR.IS



2 hitakerfi keyrð á einni varmadælu

Mynd 11



Hagkvæmni varmadæla

Benedikt Guðmundsson byggingatæknifræðingur, Orkustofnun



Benedikt
Guðmundsson

Íslendingar búa svo vel að öll raforka á Íslandi flokkast sem græn raforka þ.e. á ekki uppruna í endanlegu jarðefnaeldsneyti. Eftirspurnin eftir þessari grænu orku hefur aukist talsvert en hægt hefur gengið að koma nýjum virkjunum á koppinn. Hér verður hins vegar bent á orkuauðlind sem oft vill gleymast en er líklega ódýrasti og umhverfisvænasti virkjunarkostur landsins. Orka getur verið á mismunandi formi og sama orkumagn getur verið misverðmætt. Raforka er t.d. hágæðaorka og ein kWst af raforku því mun verðmætari en ein kWst af hita. Sem betur fer eiga Íslendingar jarðhitann, gríðarlega auðlind sem sér 90% landsmanna fyrir ódýrri og umhverfisvænni húshitun. Þau tíu prósent sem ekki hafa aðgang að jarðhita þurfa hinsvegar að notast við rafhitun eða olíukyndingu sem er mun dýrari húshitunarkostur þó að ríkið niðurgreiði hana að hluta. Þrátt fyrir að hlutfallslega fáir íbúar búi við rafhitun þá er hún umfangsmikil og talsverður hluti af almennri raforkunotkun í landinu. Ætla má að heildarraforkunotkun til húshitunar sé í kringum 800 GWh. Líta má á þessar GWst sem vannýtta auðlind vegna þess að auðveldlega má draga úr þessari rafhitun með stækkun hitaveitna, bættri einangrun húsa og uppsetningu varmadælna. Það er ekki skynsamleg orkunýting að nota hágæða raforku til að mynda lágæða hitaorku og þar að auki er hitunarþörf íbúða mest þegar raforkukerfið hefur minnstu framleiðslugetuna. Hefðbundin varmadæla samanstendur af dælubúnaði og leiðslum sem mynda lokað gas/vökvakerfi. Allar varmadælur nota vinnslumiðil í lokuðu kerfi og nýta þar óreiðubreytingu hans þ.e. þegar vinnslumiðillinn fer úr t.d. vökvafasa í gasfasa. Þannig er hægt að fá 2-5 kWst af hitaorku úr hverri kWst af raforku sem knýr dæluna á meðan bein rafhitun skilar aðeins einni kWst af hita fyrir hverja kWst raforku sem fer inn í húsið.



Mynd 1: Varmadæla

